



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn á zoom þann 23. mars 2022

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 22:20

Fundinn sátu: Markús Elvar Pétursson (MP), Berglind Rún Traustadóttir (BRT), Daníel Kristinn Pétursson (DKP), Helga Veronica Foldar (HVF) og Rán Pétursdóttir (RP)
Fundargerð ritaði: RP

Dagskrá

- Greiða atkvæði um fundargerðir**
 - Fundargerð síðasta fundar 09.03.22. samþykkt
- Undirbúningur 6. bekkja heimsóknar**
 - MP var í samskiptum við Kristínu Thoroddsen hjá Hafnarfjarðarbæ varðandi að 6. bekkja heimsóknirnar fari inn í þjónustusamninginn og við þurfum að senda inn lýsingu á 6. Bekkjaheimsóknunum það er hversu marga þarf til að starfa við þetta og hvernig þetta fer fram og það verður notað sem byrjunarpunktur í að koma þessum lið inn í þjónustusamning.
 - Laga þarf kayana og einn árabátinn fyrir komu 6. bekkja krakkana. Jói Bert og Markús þyrftu að sjá um viðgerð á costcokayökum en rætt um að halda vinnukvöld fyrir trefjaplastviðgerðirnar á kayakönum.
 - Pétur Th. byrjaður að undirbúa samskipti við skólana til að bjóða til heimsóknar.
 - Einnig rætt við Kristínu um að koma starfi barna með sérþarfir inn í þjónustusamninginn. Það eru líkur á því að það bætist í þennan hóp hjá okkur svo mikilvægt að taka þetta með inn samningaviðræður um nýjan þjónustusamning.
 - 21 bekkur sem kemur og það eru 25 krakkar í hverjum bekk svo það er mikið starf sem fellst í 6 bekkja heimsóknunum.
- Endurskoða texta á vefsíðunni sailing.is**
 - Rán tekur að sér að yfirfara texta og biðja viðeigandi aðila um að yfirfara efnið í hverjum lið fyrir sig.
- Kynningarefni. Þríbrot, plagöt, rafauglýsingar, borðar á girðingu**
 - Þríbrot - ákveðið að nýta þríbrotið frá því í fyrra en breyta í samræmi við dagskrá þessa árs.
 - Plagötin í fyrra vöktu lukku og fengu að hanga í friði allt sumarið. Ákveðið að athuga hvort hægt sé að kaupa myndir af Friðriki sem hægt væri að nýta í plagötin í ár en hann hefur tekið mikið af myndum í góðum gæðum af klúbbstarfinu.
 - Helga Veronica ætlar að hafa samband við þá félagsmenn sem gætu orðið að liði í þessu.
- SÍL Þingið**
 - Berglind og Arnar upplýsa um það sem fór fram á þinginu.
 - Markús kom með þá hugmynd á SÍL þingi að víxla á Íslandsmótum í kænusiglingum og kjölbátum til að krakkarnir fengju meira svigrúm og hvíld eftir Norðurlandamótið í Finnlandi sem er aðeins 2 dögum fyrir Íslandsmótið kænusiglingum. Þessi tillaga var felld með þeim rökstuðningi um að búið væri að samþykkja dagskrána á aðalfundi



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

en þetta gerir það brýnna að SÍL standi vel að þjálfun krakkana svo að þau séu vel undir þetta álag búin. Vel tekið í að taka tillit til evrópumóts í mótaskránni 2023.

- c. Rætt um að undirbúa farveginn fyrir næsta SÍL þing betur fyrir þau mál sem við viljum koma í gegn til að kanna jarðveginn fyrir. Formannafundur eiga að vera 2 sinnum á ári sem gefur tækifæri til að ræða slík mál sem og að ræða við litlu klúbbana sem eru að spretta upp um allt land.

6. Staða gæslubáta og gæslubátaæfingar

- a. Stóri báturinn er með bilaðan mótör og komnar eru gangtruflanir á mótör á öðrum bát. Vitum hvað er að valda gangtruflunum og Markús fer og kaupir varahlut í suzuki til að gera við hann. Einn bátur er í lagi og það er nýji gæslubáturinn.
- b. Gæslubátanámskeið –halda þarf helgarnámskeið fljótlega og mánudagsæfingar fara af stað með sumardagskránni. Það þarf að hafa fastan 10 manna hóp a.m.k. til að manna gæslubáta fyrir allt starfið fyrir klúbbinn. Arnar mun halda utan um æfingar og Markús, Daníel og Jói Bert vera honum innan handar.
- c. Einnig þarf að yfirfara kerrur félagsins. Ljósabúnaðurinn og nefhjól í ólagi.

7. Önnur mál

- a. Staða á ársreikningi. Engar athugasemdir komar frá skoðunarmönnum en það vantar ennþá undirritun þeirra og meðlima fráfarandi í stjórnar. Helga Veronica sendir póst á skoðunarmenn til að óska eftir undirritun þeirra.
- b. Helga, Markús og Arnar setjast yfir félagatalið en það þarf að senda út lista fyrir 15. Apríl þar sem að lottópeningarnir byggja á þessum tölum. Sportabler verður notaður til þess að senda þetta út svo við þurfum að komast inn í sportable og er Markús kominn í samband við Tryggva hjá Sportabler.
- c. Bára frá vinnukólanum hafði samband til að athuga hver yrði íþróttastjóri næsta sumars. Markús bíður sig fram og er það samþykkt en hann hefur ekki þegið íþróttastyrkinn sem kemur frá Hafnarfjarðarbæ síðastliðinn tvö ár og hefur Þytur því getað ráðstafað því í annað eins og bátakaup en í ár mun hann byggja laun.
- d. Niðurstaða á kynningu á verklegu skemmtibátaprófi. Markús kynnti fyrirkomulagið hjá okkur en hæfur háseti verður kennt sem 4 x4 tíma námskeið og til þess að fara í prófið þá þarf að klára þetta námskeið og síðan námskeið sem er 1 skipti og 8 tímar. Miðað við ásókn á kynninguna og að það eru aðeins 30 sæti laus í að taka heildar pakkann hjá tækniskólanum er líklegt að töluverður fjöldi muni taka þetta í sjálfnámi og þar af leiðandi verði ásókn í þetta hjá Þyt. Þurfum að taka stöðuna við Siggu þegar að líður aðeins frá kynningarfundum.
- e. Ákveðið að fá Þyts fána á kerrurnar. Það er einnig góð hugmynd að vera með fatnað og þurrstöskur fyrir krakkana sem er merkt Þyt. Helga og Berglind fara í það að skoða fatnað og töskur.
- f. Staða öryggismála. Það er verið að vinna í að kaupa sjúkrakassa og losa efnaskápinn og setja slökkvitæki í skoðun til Securitas í Apríl. Boða þarf til öryggisfundarins sem talað var um á aðalfundi sem allra fyrst og fá félagsmenn með í þessa vinnu.
- g. Viðgerðir á girðingu, ruslatunnur og hurðar það þarf að tala við umsjónamann fasteigna hjá Hafnarfjarðarbæ og fara af stað í þessar framkvæmdir í samvinnu við hann.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 6. Apríl 2022.